
Skeldýraræktun – Útgáfa tilraunaleyfis

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd



1. Umsækjandi fyllir út rafræna umsókn 8.01 leyfi til skeldýraræktunar í þjónustugátt MAST (http://umsokn.mast.is). Umsækjandi fær sent staðfestingarnúmer umsóknar. Þegar umsókn er send stofnast mál í málaskrá One. Heiti máls verður ´8.01 umsókn um skeldýrarækt´ með málalykil 5.6.5 Ræktunarleyfi.

- Öll gögn og samskipti skal vista í málinu. Ábyrgðarmaður máls er fagsviðsstjóri leyfa í fiskeldi.

2. Afla skal umsagna frá viðeigandi stofnunum og hagaðilum sbr. LBE-260. Jafnframt skal óska eftir staðfestingu á tryggingu sbr. lög um skeldýrarækt nr. 90/2011.

Matvælastofnun kallar einnig eftir frekari gögnum teljist þess þörf.

3. Þegar allar umsagnir og staðfesting á tryggingum liggur fyrir er leyfi gefið út til 3 ára í senn sbr. 7. gr. laga nr. 90/2011.

Þegar leyfi er veitt er umsóknaraðila tilkynnt um veitingu þess ásamt því að staðsetning er sett í kortasjá.